

SKIPULAGSSKRÁ

Vísindasjóðs krabbameinslækningadeildar Landspítalans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður krabbameinslækningadeildar Landspítalans. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru:

Þórarinn Sveinsson,	kt. 111143-3749
Jón Hrafnkelsson,	kt. 061251-2199
Helgi Sigurðsson,	kt. 180152-2299
Guðjón Baldursson,	kt. 100951-2909
Guðmundur Benediktsson,	kt. 040450-7699
Kjartan Magnússon,	kt. 070949-7099
Sigurður Árnason,	kt. 100449-8039
Friðbjörn R. Sigurðsson,	kt. 021159-4259

3. gr.

Verði aðrir sérfræðingar ráðnir við deildina mun þeim gefast kostur á því að gerast aðilar að sjóðnum.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 462.000 og má ekki skerða það.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrír menn; Forstöðulæknir krabbameinslækningadeildar Landspítalans og tveir sérfræðingar deildarinnar kjörnir til tveggja ára af aðilum sjóðsins. Stjórnin skiptir með sér verkum, formaður, gjaldkeri og ritari.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að efla rannsóknir á sviði krabbameinslækninga.
2. Stuðla að framhalds- og viðhaldsmenntun lækna og samstarfsmanna þeirra.

7. gr.

Úthlutanir úr sjóðnum:

1. Beiðnir um úthlutun skulu vera skriflegar.
2. Heimilt er að greiða læknum og öðru starfsfólki laun eða umbun fyrir störf að rannsóknarvinnu, sem ekki eru greidd á annan hátt.
3. Heimilt er að veita samstarfsfólki umbun fyrir vel unnin störf.
4. Heimilt er að veita styrki til rannsókna og til tækjakaupa er koma að gagni við rannsóknir.
5. Heimilt er að ráða einstaklinga í sérstök verkefni eins og að fylgja eftir klíniskum rannsóknum.

8. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

1. Fjármunir er tengjast klíniskum rannsóknarverkefnum við krabbameinslækningadeildina.
2. Styrkir og áheiti til vísindasjóðs krabbameinslækningadeildar.
3. Vextir af inneign í sjóðnum.

9. gr.

Aðilum sjóðsins er frjálst að leggja rannsóknarstyrki til varðveislu sjóðsins.

10. gr.

Heimilt er að skipta sjóðnum upp í almenna deild og undirdeildir er tengjast sérstökum verkefnum eða sjúkdómsgreiningum. Ábyrgðarmaður sérverkefna eða viðkomandi sjúkdómsgreiningar skal vera með í ráðum við úthlutanir úr undirdeildum. Fjórðungur allra tekna skal þó ætíð renna í almenna deild.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður á hvern hátt hann skuli ávaxtaður og hvernig fé hans skuli varið í samræmi við 6. grein.

12. gr.

Sjóðstjórn skal halda fundargerðarbók um ákvarðanir sínar og um hvað eina er varðar rekstur sjóðsins. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins. Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum, þó sbr. ákvæði 14. og 15. greinar.

13. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. júlí næsta ár á eftir reikningsári. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

14. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins. Engin breyting á skipulagsskrá fær þó gildi nema meirihluti stjórnar og 2/3 hlutar aðila sjóðsins séu sammála um hana. Aldrei má breyta 6. grein um tilgang sjóðsins né heldur ákvæðum 15. greinar um ráðstöfun eigna við sjóðsslit.

15. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til tækjakaupa eða rannsóknarstarfsemi skv. ákvörðun aðila sjóðsins. Sjóðurinn verður eigi lagður niður nema meirihluti stjórnar og 2/3 hlutar aðila sjóðsins séu því samþykkir.

16. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. apríl 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.